

Jafnréttisbragur.

Lag og LEXSTI:
Margrét Ólafsd.

Strákar:

Eitt sinn kúrdú kon-urn-ar kært við okkar barn-a, og þeirra ráð-urn
réð-urn við, með rökvis-i og sjarm-a. Fall-a vopnin fyr-ir rest;
fríð-ar rík-ir and-i. Jafnréttin-u fagnar flest, fólk í þessu landi.

Viðlag:

Allir: Falla vopnin fyrir rest
fríðar ríkir andi.
Jafnréttinu fagnar flest
fólk í þessu landi.

Allir: Og kvennadagur leiddi í ljós
hvað landsins konur geta.
Þá oní bæ þær örkuðu
og enginn fékk að éta.

Strákar: Eitt sinn kúrdú konurnar
kært við okkar barna,
og þeirra ráðum réðum við
með rökvisi og sjarma.

Allir: Þá upphófst mikið fjaðrafok
um farni beggja kynja,
og breyting þá sem þóttust menn
á þjóðarsíðum skynja.

Stelpur: Við áttum börn og elduðum
oní ykkur trosið.
Skíruðum og þvoðum þvott
með polinmæði og brosi.

Stelpur: Því karlar fóru að fást við mat
fægja, pússa og skúra.

Strákar: Og margar konur sækja sjó,
sóla skó og múra

Allir: Og þannig liðu ótal ár
að allar konur þögðu.
Þá risu upp nokkrar rauðsokkur,
á ráðin margt þær lögðu

Allir: Nú útvinnu í stórum stíl
stundar allur fjöldinn.
En heima fólkíð hjálpast að
við húsverkin á kvöldin.

Rauð- Nú hattið þið að hreinsa strax
sokkur: og haslið ykkur völdin
og karlinn ykkar venjið við
að vaska upp á kvöldin

Allir: Já sigurgleði sanna víst
og samhug öll við finnum
ef járnhörð bæði ég og þú
að jafnréttinu vinnum.